

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 20. apríl 2007 í máli nr. S-95/2007:

Ákærvaldið

(Jóhann Svanur Hauksson ftr.)

gegn

Helga Eyvinds

(Ívar Pálsson hdl.)

Mál þetta sem dómtekið var þann 12. þ.m. að lokinni aðalmeðferð er höfðað með ákæru útgefinni 13. febrúar sl. af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, "á hendur ákærða, Helga Eyvinds, kt. 000000-0000, Asparfelli 6, Reykjavík fyrir umferðarlagabrot með því að hafa ekið bifreiðinni XZ-590, aðfaranótt miðvikudagsins 16. ágúst 2006, undir áhrifum áfengis (vínanadamagn í blóði 2,040/00) frá Drekaöllum 26, Hafnarfirði, uns lögregla stöðvaði aksturinn á Reykjanessbraut, á móts við Kaplakrika.

Þetta telst varða við 1. mgr. sbr. 3. mgr., 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997.

Þess er krafist að ákærði verið dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993, 2. gr. laga nr. 23/1998, og 8. gr. laga nr. 84/2004 og 18. gr. laga nr. 66/2006."

Ákærði hefur viðurkennt að atvikalýsing í ákæru sé rétt en hefur borið við neyðarrétti og krafist sýknu af refsikröfum. Til vara að refsing verði látin niður falla og til þrautavara lækkunar á refsingu niður fyrir refsilágmark að því leyti sem kveðið er á um það. Hann krefst þess að ríkissjóður greiði sakarkostnað sinn þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda.

I.

Ákærði hefur lýst aðdraganda ölvunarakstursins sem hann er sakaður um að hann hafi gripið til þess í neyð að aka umræddri bifreið svo á sig kominn sem raun bar vitni um, vegna þess að hann hafi ekki séð aðrar leiðir færar til þess að komast undir læknishendur. Hann hafi verið staddur einn í íbúð vinnufólks að Drekaavöllum 26 í Hafnarfirði sem er í útjaðri bæjarins. Sagði hann í skýrslu sinni hjá lögreglu að um kl. 23:00 hafi hann fengið verk fyrir brjóstið og óttast að hann væri að fá hjartaáfall sem hann hafi fengið áður. Hann hafi ekki verið með nein lyf og ekki átt innistæðu í símanum til þess að hringja og brugðið á það ráð að drekka á fastandi maga, úr hálfum pela af vodka á mjög skömmum tíma, í þeirri von að það mundi slá á verkinn sem það hafi þó ekki gert nema að litlu leyti. Hann hafi því ekki þorað annað en að fara á slysadeild en ekki kunnað við að ónáða fólk í blokkinni þar sem hann var staddur og því ákveðið að keyra sjálfur. Þegar hann hafi verið kominn á móts við IKEA hafi verkurinn liðið hjá og ákvað hann þá að snúa til baka en þá hafi hann verið stöðvaður af lögreglu. Hafi hjartaverkurinn komið aftur á lögreglustöðinni og hann verið fluttur með sjúkrabíl á slysadeild.

Í framburði sínum fyrir dómi kvaðst ákærði ekki hafa verið með síma heldur hafi hann gleymt honum hjá syni sínum fyrir um kvöldið eftir að hafa borðað kvöldverð. Þá kvaðst ákærði hafa drukkið vínið um kl. 22.30. Svör ákærða við spurningum um það hvers vegna hann hafi ekki fengið aðstoð við að ná í hjálp sem fyrst voru þau að hann hafi skort dómgreind til þess og að hann þekki ekki til í Hafnarfirði.

Staðfesting liggur fyrir í dóminum að 25 íbúar voru í húsinu þar sem ákærði var staddur. Einnig liggur fyrir að hann var stöðvaður við aksturinn um klukkan eitt um nóttina eða sem svarar tveimur og hálfum tíma eftir að hann drakk vínið. Ákærði sagði fyrir dómi að hann hafi ekki fundið mikið til áfengisáhrifa við aksturinn og að vodkapelinn sem hann talaði um hjá lögreglu hafi verið hálfpottur.

II.

Samkvæmt læknisvottorði var ákærði sendur heim eftir að hafa komið á bráðamóttöku Landspítala umrædda nótt. Er það mat dómara að ákærði hafi ekki fært fram nein haldbær rök fyrir því að hann hafi verið í slíkri neyð er hann ók ölvaður umrætt sinn að sá akstur sé refsilaus vegna neyðarréttar. Þykir yfir allan vafa hafið að hann hefði getað leitað sér hjálpar með öðrum hætti, auk þess að eftir að hann stöðvaði bifreiðina á leiðinni og honum hvarf hjartaverkurinn er fráleitt að hann geti borið því við að hafa verið að aka til baka í neyð sinni og ekki átt annarra kosta vól. Í því sambandi skipti engu máli hvar farsími ákærða hafi verið niður kominn.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið er það mat dómara að akstur ákærða í umrætt sinn sé ekki refsilaus samkvæmt 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður hann því talinn hafa unnið til refsingar fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru hvar hún er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði hefur ekki sætt refsingum áður. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 160.000 króna sekt til ríkissjóðs og vararefsing sektar 12 daga fangelsi. Þá skal ákærði sæta sviptingu ökuréttar í 2 ár frá dómsbirtingu. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar sem nemur 193.905 krónur að meðtöldum málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns Ívars Pálssonar hdl. 169.927 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts á málsvarnarlaun.

Jóhann S. Hauksson sótti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari dæmir málið.

DÓMSORÐ:

Ákærði, Helgi Eyvinds, greiði 160.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá dómsbirtingu en sæti ella 12 daga fangelsi.

Þá skal ákærði sæta sviptingu ökuréttar í 2 ár frá dómsbirtingu. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar sem nemur 193.905 krónum að meðtöldum málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns Ívars Pálssonar hdl., 169.927 krónum að teknu tilliti til virðisaukaskatts á málsvarnarlaun.

Sveinn Sigurkarlsson